
Rabbað við dr. Schwabe um Kjarvals staðasýningu þýzka alvöru- og kímnilistamannsins Weber




Weber.


rússneski björninn að læðast burtu með það gómsætasta, hérana, og kínverski drekinn vofir yfir. Manni verður hugsað til þess er dr. Bjarni Benediktsson, þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, tók af skarið varðandi EBE og sagði að Íslendingar lytu aldrei lögum slíks bandalags, því þar með væru þeir ekki lengur sjálfstæðir.

Skákmyndaflokkur er á sýningunni þar sem Weber teiknar ýmsar hugmyndir um skákkeppni mannlífsins.

Þá tekur Weber oft óvænta stefnu í myndum sínum og er gjarnt að sýna óalgengari hliðina á málinu, en einmitt hliðina sem vekur þá gjarnan til umhugsunar. Á einni myndinni stendur kálfur í bandi, en slátrarinn er dottinn niður dauður. Kálfurinn horfir



Hluti af myndinni Orðrómur.



Mannagarðurinn.

vandræðalega á slátrarann og segir: „Hvað nú“?

Diplómatar heitir ein myndin, sýnir fulltrúa þeirrar háæruverðugu stéttar á leið upp metorðastigann með tilheyrandi búning og lykillinn stendur út úr bakinu.

ALLIR ÍSLENDINGAR ERU EINSTAKLINGSHYGGJUMENN

Við opnun sýningar Webers hélt dr. Schwabe tölu um listamanninn og list hans og sagði hann m.a.:

„Fáein orð um listamanninn A. Paul Weber sem einstakling, nú er hann heimsækir land ykkar í fyrsta sinn. Ég tel það nauðsynlegt, því að verk hans er aðeins hægt að skilja út frá lífi hans og starfi. Ég verð þó að fara fram á tillitssemi ykkar, því að móðurmáli ykkar hef ég ekki vald á, þótt mér þyki vænt um það. Ætlun mín er ekki að þvinga fram neina ákveðna skoðun um listamanninn, en fremur að benda á nokkra höfuðþætti listsköpunar hans. Hver og einn mun svo geta fundið leiðina í því myndalandslagi, sem hér er að sjá.


Íslendingar eru í dag líklega eina þjóðin, sem mynduð er af eintómum einstaklingshyggjumönnum. Þess vegna eru þeir óvenju umburðalyndir gagnvart sérhyggjumönnum af öllu tagi, en geta hins vegar naumast gert sér grein fyrir, hve erfitt er að vera einstaklingshyggjumaður í hinum þéttbýlu löndum á meginlandinu. En slíkur maður er einmitt A. Pau. Weber búinn að vera síðan á æskuárum sínum. Enginn, sem vill vera einstaklingur í orðsins fyllstu merkingu, getur látið berast með straumnum. Hann verður að standa gegn straumi tímans, en þó án þess að telja sig yfir aðra hafinn, því að þá verður hann að mannhatara.

Andstaða og mótstaða eru einmitt grundvallarhugtök í lífi listamannsins A. Paul Weber, en það merkir jafnframt að þjást og finna til með fjöldanum og jafnvel með andstæðingunum.


SÁ ÖRLÖG NASISMANS FYRIR

A. Paul Weber hefur ætíð staðið gegn því, að mannkyninu sé stjórnað eins og efnahagskerfi og því var hann þegar í andstöðu við þýzku þjóðernissinnana, áður en þeir komu til valda. Meira en áratug fyrir lok seinni heimstyrjaldarinnar sá hann örlög þýzku þjóðarinnar sem opna líkkistu, er herirnir gengu í.


Framsýni hans, eins og hún birtist í verkum hans, var ekki einfalt reikningsdæmi, heldur afleiðing af innsýn í eðli mannkynsins. Mannkærleikur hans krefst þess, að ofbeldi sé hafnað. Það sýna meðal annars myndir hans um voranganina í Prag, er hlaut svo snöggan endi. Sem listamaður og einstaklingur tekur hann ætíð hanzkann upp fyrir þá, sem er minnimáttar, sviknir eru eða eru í beinni hættu. En þar sem hann berst einnig í þágu alls, sem lifir og hrærist, berst hann einnig í þágu náttúruverndar og er eindreginn baráttumaður fyrir umhverfisvernd. Sem ósveiganlegur



Steinsteypa.



„Hvað nú“? sagði kálfurinn þegar slátrarinn hafði fengið slag á leið í sláturhúsið.



Gagnrýnendur.

gagnrýnandi, hefur hann jöfnum höndum fengið að kenna á reiði þjóðernissinna, iðjöfra og annarra framkvæmdamanna, sem tengdir eru þýzka efnahagsundrinu svokalaða.

AÐ STANDA AUGLITI TIL AUGLITIS

A. Paul Weber hefur aldrei prédikað. Hann vill heldur, að einstaklingarnir sjái sig í spegli og standi hver öðrum augliti til auglitis. Það hefur í för með sér, að þeir, sem skoða myndir hans, verða að taka afstöðu. Það getur verið óþægilegt og gremjulegt í senn.

En jafnvel á skýjuðum himni birtast stundum sólargeislar. Það er þess háttar kímnigáfa, sem þýzk alþýðuspeki nefnir „kímni, sem hlegið er að hennar sjálfrar vegna“. Sem einstaklinshyggjumaður finnur A. Paul Weber til skyldleika með öðrum svipuðum einstaklingshyggjumönnum og í gegnum þá talar hann til samferðamanna sinna. Meðal þeirra eru skálkurinn Till Ugluspegill, Reineke kæni refurinn, Simplicius Simplicissimus, ófrjálsi ævintýramaðurinn í þrjátíu ára stríðinu, flakkarinn Francois Villon og Robinson Crusoe ásamt dýramyndum sínum, „sem einnig ber að telja til manna“.

Í hverri einstakri mynd mun hver og einn finna fjölmargt, sem engin orð lýsa, því að eins og A. Paul Weber sér lífið, er það svo óendanlega auðugt af möguleikum og alls kyns furðuhlutum, að ekkert mannlegt verk getur gert betur en aðeins endurspegla það.“